



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík 20. jan. 2020
USK2018070043

Umsögn um drög að frumvarpi til laga um Hálandisþjóðgarð

Reykjavíkurborg fagnar því að það hylli undir að Hálandisþjóðgarður verði stofnaður og eins og segir í lögnum að eigi að: „Varðveita þjóðlendur í þjóðgarði og viðhalda virði þeirra í náttúrfarslegu og menningarlegu tilliti sem sameiginlegrar eignar íslensku þjóðarinnar.“

Í fyrri umsögnum Reykjavíkurborgar var bent á að ekki sé gert ráð fyrir aðkomu þeirra sveitarfélaga sem ekki eiga land að Hálandisþjóðgarði. Friðlýst svæði og þjóðlendur eru sameign allra landsmanna en öll stór náttúruverndarsvæði og þar með talinn væntanlegur þjóðgarður eru staðsett utan Höfuðborgarsvæðisins þar sem stærstur hluti landsmanna býr. Ákvarðanir um nýtingu og verndun náttúrusvæða varða ekki síður þá gesti sem heimsækja þau en íbúa heimabyggðar. Áætlað er að Hálandisþjóðgarður þeki þriðjung landsins og enn fremur er lagt til að grunnfjármögnun komi úr ríkissjóði.

Það er því eðlilegt að fleiri en fulltrúar aðliggjandi sveitarfélaga eigi aðkomu að ákvarðanatöku sem varðar Hálandisþjóðgarð. Best væri að t.d. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu ættu fulltrúa í stjórn þjóðgarðsins.

Gert er ráð fyrir að friðlýsing verði ákveðin í reglugerð en ekki í sjálfum lögnum. Það er galli að ekki er í frumvarpinu (né í frumvarpi til laga um þjóðgarðastofnun sem vísað er til um lagaheimild) útfært með skýrum hætti hvernig það skuli gert eða hvaða sjónarmiða skuli líta til. Þannig er hvorki í frumvarpi til laga um hálandisþjóðgarð né í frumvarpi til laga um þjóðgarðastofnun skilgreint hvað átt er við með „verndarstigi“ eða „verndun“ en bæði skal tilgreint í reglugerðinni. Í greinargerð er lítillega rætt um efni væntanlegrar reglugerðar um friðlýsingu. Gert er ráð fyrir að verndarflokkar þegar friðaðra svæði haldi sér. Þá er jákvætt að þar sé stefnt að því að taka mið af alþjóðlegum viðmiðum um þjóðgarða og þá flokkun IUCN og að einstök svæði verði skilgreind samkvæmt þessari flokkun. Betra hefði þó verið að skýrt kæmi fram í lagatextanum sjálfum hvaða viðmiðum skuli fylgja um verndun og verndarstig þannig að forsendur hvers svæðis skuli metnar og verndarflokkar einstakra svæða skilgreindir út frá því í stað þess að fyrir fram gefa sér að Hálandisþjóðgarðurinn verði í megindráttum í flokkum II og VI eins og sagði í skýrslu nefndar um stofn Hálandisþjóðgarðs.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar,

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir,
skrifstofustjóri, umhverfis- og
skipulagssviði

Þórólfur Jónsson,
deildarstjóri, umhverfis- og skipulagssviði

